

Skipulagsstofnun  
Ómar Ingbórsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík 28. mars 2017  
UST201703-236/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - landmótunarefni – Keflavíkurflugvöllur. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða notkun á um 140.000 m<sup>3</sup> af jarðefnum sem til falla við framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll. Fyrirhugað er að nýta þennan jarðveg til að hækka land við enda flugbrauta og til landmótunar á öryggissvæðum meðfram flugbrautum.


Sýni hafa verið tekin úr jarðveginum og rannsökuð m.t.t. þess hvort þar sé að finna PCB en svo reyndist ekki vera. Ekki þótti ástæða til að kanna hvort um olíumengaðan jarðveg væri að ræða þar sem lykt benti ekki til þess.

**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umræddir efnisflutningar og landmótun muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hér er um að ræða jarðveg sem talinn er ómengaður og má líkja notkun hans til landmótunar á Keflavíkurflugvelli við notkun Vegagerðarinnar á sambærilegu efni sem notað er í fláafleyga utan á vegkanta.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri